

Stutt inn grip í 50 ára starf Kiwanişhreyfingarinnar á Íslandi og í Færeyjum

Kjörumdæmisstjóri Umdæmisins Ísland-Færeyjar Dröfn Sveinsdóttir kom að máli við mig í byrjun ágúst og óskaði eftir því að ég setti saman hugleiðingu um starf Kiwanişhreyfingarinnar á Íslandi og í Færeyjum sl. fimmtíu ár.

Ég tók því vel að athuga hvað ég gæti gert án þess að hugleiða hvernig best var að koma að þessu verkefni en það er ekki auðvelt.

Átti ég að taka þetta fyrir eins og sagnfræðingur og taka fyrir atburðarásina frá ári til árs eða taka mannlegu hliðina. - Hversvegna erum við félagar í hreyfingunni, hefur hún orðið okkur og samfélaginu til góðs, eigum við framtíð? - Ég ákvað að taka mannlegu hliðina.

Kiwanişstarf í eina öld – Í byrjun næsta árs, nánar tiltekið 14. janúar, þegar við fögnum 50 ára starfi hér á Norðurslóðum, er alþjóðahreyfing okkar samtaka, Kiwanis International að nálgast 100 árin en því marki náum við 2015.

Í 48 ár starfaði Kiwanişhreyfingin eingöngu í Bandaríkjunum og Kanada. Starf hreyfingarinnar byggðist því á lífsvenjum íbúa Norður Ameríku fyrstu fimmtíu árin. Strangar reglur giltu um inngöngu í Kiwanisklúbba, reglur sem heimurinn myndi hlæja að í dag en eins og annað í þessum heimi breyttist með breyttri heimsmynd.

Á heimsþingi Kiwanis International 1962 er lögð fram tillaga um að gera Kiwanişhreyfinguna að heimshreyfingu, færa starf hennar til annarra heimsálfa. Nokkur átök urðu um þessa tillögu, andstæðingar hennar töldu að hreyfingin ætti eingöngu að starfa í Bandaríkjunum og Kanada, aðrir töldu að þessi ákvörðun yrði að byggjast á ýtarlegri rannsóknum, heimurinn væri ekki allur steypur í sama mótið og ýmsar breytingar og meiri sveigjanleiki í starfi væri hugsanlega nauðsynlegar. Þrátt fyrir þessa andstöðu var tillagan samþykkt, hreyfingin skyldi verða heimshreyfing.

Það er mín persónuleg skoðun að þingheimi hafi orðið á mistök. Hreyfingin var ekki tilbúin, forystumenn hreyfingarinnar vissu ekki hvað var verið að fara út í. Heimavinnan sem var nauðsynleg var aldrei unnin. Farið var af stað með uppbyggingu Kiwanisklúbba sem voru sniðnir að lífsvenjum Norður Ameríku og það kunnir ekki góðri lukku að stýra enda urðu vandamálin mörg og eru sum enn fyrir hendi. Látum það liggja á milli hluta en snúum okkur inn á heimaslóðir.

Kiwanishreyfingin til Íslands - Það er ekki vitað hversu margir menn af íslenskum uppruna, búsettir í Norður Ameríku, gerðust félagar í Kiwanishreyfingunni á þessu árum, en þeir voru nokkrir. Einn þeirra Hilmar Skagfield hafði gengið til liðs við Kiwanishreyfinguna 1954. Hann gerðist félagi í The Kiwanis Club of Capital City, Tallahassee á Florida. Hann mun hafa fengið þá hugmynd að stuðla að stofnun Kiwanisklúbbs á Íslandi strax og það yrði leyft.

Á þessum tíma var Hilmar aðalræðismaður Íslands á Florida svæðinu og þurftu ýmsir á aðstoð hans að halda. Einar A. Jónsson, var á þessum árum með einkaleyfi á fegurðarsamkeppni á Íslandi.

Íslenskar fegurðardrottingar sem unnu titilinn hér á landi tóku síðan þátt í Alþjóðakeppni sem fram fór á Langasandi í Florida.

Samskipti Einars og Hilmars vegna þessara alþjóðakeppna urðu til þess að Hilmar ákvað að fara fram á það við Einar að hann reyndi að stofna fyrsta Kiwanisklúbbinn á Íslandi.

Formlegt bréf frá Kiwanisklúbbnum í Tallahassee barst Einari í október 1962. Þar bauðst klúbburinn til þess að vera stofnklúbbur og aðstoða hinn nýja klúbb eftir föngum. Einar ræddi þetta við féлага sína næstu mánuðina og eftir allítarlega íhugun ákváðu Einar og félagar hans að slá til. Valin var undirbúningsnefnd og henni falið að undirbúa stofnfund. Stofnfundur fyrsta Kiwanisklúbbsins á Íslandi, Heklu var haldinn 14. janúar 1964, frá og með þeim degi hófst formlegt Kiwanisstarf á Íslandi.

Stofnfélagar Heklu voru 30 og fjölgaði í 50 á næstu 12 mánuðum. Krafturinn var mikill og fljótlega var byrjað að skipuleggja þjónustuverkefni klúbbsins.

Kiwanisklúbburinn Hekla starfaði utan umdæma eins og aðrir Kiwanisklúbbar sem höfðu verið stofnaðir í Evrópu á þessum tíma. Það kom að því að Kiwanisklúbbar í Evrópu töldu nauðsynlegt að hefja samstarf og var boðað til fyrsta Evrópuþings í Basel í Swiss 1965.

Fulltrúar frá Kiwanisklúbbnum Heklu sóttu þetta þing. Þar var ákveðið að stofna sérstaka deild þar sem Noregur, Danmörk og Ísland störfuðu saman. Þessi deildarskipun fékk nafnið Skandinavía. Þessi skipan var aðeins til bráðabyrgða, eða þar til hægt væri að stofna umdæmi, eins og skipulag Kiwanishreyfingarinnar gerði ráð fyrir.

Kiwanis International samþykkti stofnun Evrópusambands 1966 og að tekið væri upp umdæmaskipan í Evrópu. Evrópa skyldi skiptast í 6 umdæmi og skyldu Norðurlöndin mynda eitt þeirra. Það umdæmi hlaut síðar nafnið Norden.

Ísland starfaði innan þessa umdæmis næstu 5 árin eða til ársins 1971 er ákveðið var af hálfu Kiwanis International að Ísland yrði sjálfstætt umdæmi. Rökin voru fyrst og fremst þau að vöxtur Kiwanishreyfingarinnar í landinu var ör og einnig hitt að kostnaður við þátttöku í starfi Norden umdæmisins var íslensku Kiwanisklúbbunum oft erfiður.

Eins og að framan greinir fjölgaði Kiwanisklúbbum á Íslandi hratt. Kiwanisklúbburinn Katla stofnaður 1966, Helgafell, Vestmannaeyjum 1967, Askja, Vopnafirði 1968, Kaldbakur, Akureyri 1968 og svo áfram. Fyrsti Kiwanisklúbburinn í Færeyjum, Tórshavn er stofnaður 1981. Það má geta þess hér að árið 1983 voru starfandi 39 Kiwanisklúbbar á Íslandi og í Færeyjum og félagatalan er þá 1239.

Það sem einkenndi strax starf íslensku Kiwanisklúbba var öflugt þjónustustarf. Af kynnum mínum á starfi Kiwanishreyfingarinnar í öllum heimsálfum þá get ég sagt óhikað að það er ekki víða sem Kiwanisklúbbar halda uppi jafn öflugum þjónustustarfi og okkar klúbbar.

Öflug þjónustuhreyfing - Íslenska Kiwanishreyfingin skapaði sér fljótlega þá stöðu að vera öflugasta þjónustuhreyfing á Íslandi, metið af þeim þjónustuverkefnum sem okkar klúbbar unnu í þágu lands og þjóðar.

Við fengum orð fyrir það að vera fljótir til verka þegar á þurfti að halda. Við leystum ekki verkefni eingöngu með því að safna fé og láta renna til margvíslegra verkefna, við fórum sjálfir í verkin. Það mátti sjá myndir í blöðum af Heklufélögum að mála húsin í Engey, á ferð með aldraða borgara austur fyrir fjall á einkabílum og það á fyrsta ári í starfi.

Síðan komu fleiri klúbbar og við sáum í blöðum Kiwanisfélaga aðstoða fatlað fólk með ýmsum hætti, vinna við skógrækt og aðstoða við breytingar á skiptingu yfir í hægri umferð o.fl o.fl. Þegar þetta allt var að gerast voru aðeins fáir klúbbar komnir til starfa.

Árið 1972 er ákveðið á umdæmisþingi að fara í stórt verkefni, hafa sérstakan K-dag þar sem allir starfandi Kiwanisklúbbar standi saman að einu verkefni á sama degi. Talið var nauðsynlegt að fara í verkefni á landsvísu þar sem allir landsmenn yrðu þess áskynja að hér væri á ferðinni öflug hreyfing sem ætlaði að fá almenning til þess að vinna með henni að nauðsynlegu stórverkefni.

Einnig var talið að það gerði hreyfinguna sterkari ef við sameinuðumst allir í einu þjónustuverkefni. Og fyrsti K-dagurinn varð að veruleika haustið 1974. Við ákváðum að við skildum styðja geðsjúka eins og þeir sjúklingar voru nefndir í þá daga.

Árið áður hafði ég ásamt stórum hóp íslendinga sótt Evrópuþing hreyfingarinnar í Milano á Ítalíu. Það vakti athygli mína að merki þingsins auk Kiwanismerkisins var „lykill“ teiknaður af einum félagi í Kiwanisklúbbnum í Milano.

Þegar við vorum að undirbúa fyrsta K-daginn sýndi ég félögum mínum þingfána Milano þingsins og benti á að í stað þess að fara í venjulega merkjaframleiðslu til að selja almenningi, þá skyldum við láta framleiða lykla. Ég bauðst til þess að hafa samband við hinn ítalska listamann og óska eftir því að fá að nota teikningu hans til lykilverðar. Hann svaraði mér um hæl og var mjög stoltur yfir því að hans teikning yrði notuð til að framleiða lykla sem ætti að selja til styrktar svo nauðsynlegu verkefni og lykillinn varð merki K-dagsins.

Lykillinn var mjög gott tákni fyrir verkefni K-dags og mjög auðvelt að nota orðið lykill til að leggja útaf í markaðssetningu, lykill til lausnar, lykillinn opnar dyr að breyttri stöðu geðsjúkra í okkar samfélagi.

Við ákváðum að nota kjörorðin „ Gleymum ekki geðsjúkum“. Það er ekki nokkur vafi á að það var skynsamlegt. Með þessu orðum höfðuðum við til samvisku almennings. Geðsjúkir stóðu ekki á gatnamótum eða mannamótum og tilkynntu að þeir væru geðsjúkir. Það hafði verið landlæg plága hér á landi að reyna að láta sem minnst bera á geðsjúkum einstaklingum, aðstandendur skömmuðust sín oft fyrir þá.

Kiwanishreyfingin ákvað að verða rödd þessa fólks. Við seldum 74000 lykla á fyrsta K-degi stórkostlegur árangur. Fyrsti K-dagurinn varð til þess að hægt var að koma upp vinnuaðstöðu fyrir geðsjúkt fólk, Bergiðjan við Kleppsspítala varð að veruleika.

Síðan höfum við haldið K-daga þriðja hvert ár eða alls 13 sinnum og verkefnin sem unnin hafa verið fyrir afrakstur þessara fjársafnana eru margvísleg en öll með einum eða öðrum hætti tengd þjónustu við geðfatlað fólk.

Óhætt er að fullyrða að Kiwanishreyfingin hefur haft veruleg áhrif til þess að bæta stöðu geðfatlaðra. Við getum stolt horft til baka og fagnað ótrúlegum árangri í þjónustustarfi Kiwanishreyfingarinnar.

Það er því miður ekki mögulegt að gera öllum þeim þjónustuverkefnum skil sem unnin hafa verið af einstökum Kiwanisklúbbum um land allt, en eitt er víst að þau eru mörg og sum viðamikil, ég nefni aðeins nokkur.

Fyrsta tækið til magaspeglunar var gefið af Kiwanisklúbbnum Heklu.

Það má minnst á verkefni eins og upphaf flutninga á fötluðum milli stað í þéttbýlinu á Suðvesturhorni landsins. Kiwanisklúbburinn Katla hóf það starf ásamt fleirum og keyptur var fyrsti bíllinn til verksins og nefndur Kiwanisbíllinn. Það var ekki nóg vegna þess að yfirvöld vildu ekki leggja fé til rekstrarins og urðu ýmsir Kiwanisfélagar að taka að sér akstur bílsins fyrstu mánuðina meðan unnið var að því að finna þessari þjónustu rekstrargrundvöll. Nú eru margir bílar í þessari þjónustu og þykir sjálfsagt.

Katla ásamt fleirum keypti fyrsta „hasshundinn“, það var upphaf að baráttunnin gegn smygli á eiturlyfjum til landsins.

Kiwanisklúbbar í Ægissvæði hófu dreyfingu á „eiturlyfjavísi“ til ungs fólks til upplýsinga um áhrif eiturlyfjaneyslu.

Hvaða vitfirringi dettur í hug að fá fólk til þess að slá golfkúlu við hringveginn um landið og kemst upp með það, jú Kiwanisfélagar í Eldey tóku sig til og komu þessu í framkvæmd ásamt fleirum og söfnuðu fé til þjónustuverkefna bæði innanlands og utan.

Kiwanisklúbburinn Kaldbakur hóf að gefa ungum börnum reiðhjólahlálma, það varð síðan að landsverkefni, öll 6 ára börn fá nú reiðhjólahlálma frá Kiwanis og Eimskip. Á 5 ára fresti tengjumst við í gegnum hjálmaverkefnið öllum fjölskyldum á Íslandi og Færeyjum beint og óbeint, mamma, pabbi, amma, afi, langamma og langafi vita öll að við erum að bæta öryggi þeirra sem þeim þykir vænst um. - Já félagar hreyfingin okkar hefur víða komið við.

Í framhaldi af þessum hugleiðingum er ljóst að Kiwanishreyfingin verður að fá einhvern eða einhverja til þess að safna upplýsingum um þjónustuverkefni sem unnin hafa verið af Kiwanisfélögum hér á landi og í Færeyjum. Það þarf að gera ekki síðar en núna. Starf hreyfingarinnar sl. 50 ár er grunnurinn að framtíð Kiwanishreyfingarinnar á Íslandi og í Færeyjum.

Hin hliðin á því að vinna þjónustuverkefni er ekki síður mikilvæg. Kiwanisfélagar sem tóku og taka þátt í þjónustuverkefnum öðlast betri sýn og skilning á þörfum samfélagsins. Það er okkur öllum nauðsynlegt, það gerir okkur að betri samfélagsþegnum.

Og áfram var haldið Stofnaðir voru fleiri Kiwanisklúbbar og hreyfingin styrkti stöðu sína. Stofnaður var Kiwanisklúbbur í Grímsey og Kiwanisheimurinn skildi hvorki upp né niður. Það mun hafa verið árið 1977 að ég fékk hringingu frá forseta Kiwanisklúbbsins Hrólfs á Dalvík. Ég átti þá sæti í stjórn Evrópuhreyfingarinnar og var á leið til fundar í Swiss.

Hann sagði mér frá því að hann teldi mögulegt að stofna Kiwanisklúbb í Grímsey en það væru smá hnökrar á því að það gæti tekist. Lög heimshreyfingarinnar segja að fullgiltur Kiwanisklúbbur skuli hafa minnst 25 féлага, en í Grímsey á þessum tíma voru aðeins 26 karlmenn sem höfðu aldur til þess að verða Kiwanisfélagar og hann var að óska eftir því að ég reyndi að fá undanþágu frá þessum lögum vegna þeirra aðstæðna sem væru í Grímsey, og velti fyrir sér þeirri hugmynd hvort að klúbburinn fengi fullgildingu ef hann næði 20 félögum.

Ég lofaði að kanna málið. Þegar ég bar upp hugmyndina á stjórnarfundum í Swiss og skýrði aðstæður sprungu allir viðstaddir í miklum hlátri, þessir Íslendingar. Svárið var, ef það tekst að stofna klúbb með þessu félagafjölda við þessar aðstæður mun heimurinn fagna því og engum mun dirfast að mótæla, með það fór ég heim og hringdi til Dalvíkur. Þetta var samþykkt sagði ég í símann, tuttugu er nóg en þeir trúu því ekki að það takist. Þeir um það sagði Dalvíkingurinn en við höfum þegar stofnað klúbbinn og þeir þurfa enga undanþágu, þeir eru 25. Fyrst varð ég orðlaus en spurði svo „hvað um þennan eina sem ekki vill vera með“ þeir segja út í eyju að hann ætli að stofna Lyonsklúbb.

Þessa sögu hef ég oft sagt á ferðum mínum um heiminn og það er sérstaklega ánægjulegt að segja frá þessu þegar ýmsir í milljónaborgum eru að kvarta yfir því hvað erfitt sé að stofna klúbba.

Og við fórum til Færeyja. Auðvitað kom ekki annað til greina en að stofna Kiwanisklúbb meðal frænda okkar í Færeyjum. Kiwanisstarfið hefur verið öflugt og alveg einstakt að eiga í samskiptum við þá, fá þá í heimsókn og heimsækja þá. Á eyjunum er unnið merkilegt

þjónustustarf sem ýmsir aðrir gætu tekið sér til fyrirmyndar. Þeir tóku þá afstöðu að vilja vera innan vébanda okkar umdæmis þrátt fyrir að önnur umdæmi biðu þeim aðild. Sú samvinna sem verið hefur með íslenskum og færeyskum Kiwanisfélögum er byggð á aldagömlum tengslum þessara þjóða og það er mikið atriði að hún haldi áfram.

Konur í Kiwanishreyfingun – Í fyrrihluta þessa erindis hef ég alltaf sagt **þeir** þegar ég nefni Kiwanisfélag, en eins og þið vitið þá var Kiwanishreyfingin lengst af karlahreyfing. En það breyttist, enda eins og ég sagði í upphafi, þá hefur samfélag þjóðanna tekið breytingum og jafnréttisbaráttan haft veruleg áhrif þó margt sé enn óunnið á þeim vettvangi.

Það þurfti málarekstur í Bandaríkjunum til að brjóta niður karlaveldið í hinum ýmsu alþjóðahreyfingum. Kona, yfirmaður í Bandaríska landhernum hóf málsókn gegn Kiwanishreyfingunni fyrir dómstól í New Jersey í Bandaríkjunum. Hún byggði málaferlin á því að henni hefði verið meinað að gerast félagi í Kiwanisklúbb vegna þess að hún væri kona.

Sú ákvörðun Kiwanisklúbbsins væri brot á stjórnarskrá Bandaríkjanna og hún krafðist þess að Kiwanishreyfingin breytti lögum sínum á þann veg að í Kiwanisklúbbum störfuðu saman karlar og konur með sömu réttindi.

Rotary hreyfingunni hafði verið stefnt af sömu ástæðum fyrir dómstól í Kaliforníu. Það mál var nokkuð fyrr á ferðinni heldur en málið gegn Kiwanishreyfingunni og lauk því fyrir Hæstarétti Kaliforníu áður en mál Kiwanishreyfingarinnar kom til úrskurðar. Hæstiréttur Kaliforníu komst að þeirri niðurstöðu að Rotaryhreyfingin hefði brotið stjórnarskrá Bandaríkjanna með því að meina konum inngöngu í hreyfinguna.

Þegar þessi niðurstaða lá fyrir ákvað Kiwanishreyfingin að leyta sátta í því máli er hafði verið höfðað gegn hreyfingunni og lagði fram tillögu um breytingu á lögum hreyfingarinnar á næsta heimsþingi, í þá veru að konur ættu jafnan rétt til þátttöku á við karla.

Upp úr þessu fóru konur að sækja um inngöngu í hreyfinguna víða um heiminn, einnig hér á landi. Því er ekki að neyta að víða var þrjúskast við ekki síður hér en annars staðar. Margir Kiwanisklúbbar hafa reynt að fara framhjá lögum með ýmsum hætti og hefur það leitt til þess að konur hafa frekar stofnað kvennaklúbba hér á landi heldur en að leyta eftir inngöngu í starfandi Kiwanisklúbba.

Með tímanum trúi ég að allir átti sig á því að konur og karlar eiga samleið í Kiwanisklúbbum og ekki síst í þjónustustarfi hreyfingarinnar, það verður umfangsmeira og unnið af meiri alúð þegar bæði kynin koma að verki. Kiwaniskonur hafa verið valdar í æðstu embætti í okkar umdæmi og einnig á alþjóðavettvangi og er það vel.

Þátttaka í störfum Kiwanishreyfingarinnar á erlendum vettvangi – Eins og fyrr er getið var Ísland um árabíl hluti af Nordenumdæminu. Nokkrir landar okkar gengdu á þeim tíma margvíslegum trúnaðarstörfum á vegum umdæmisins, þar á meðal Umdæmisstjóraembættinu.

Íslendingar hafa alla tíð verið virkir þátttakendur í starfi hreyfingarinnar á erlendum vettvangi. Margir setið í stjórn Evrópu og nokkrir orðið Evrópuforsetar. Þátttaka félaga í ferðum á Evrópuþing hefur jafnan verið góð og vakið athygli annarra þjóða.

Að mínu mati eru þessar ferðir og öll okkar þátttaka í þessu starfi erlendis mjög mikils virði. Að tengja saman og skapa skilning á lífsvenjum þjóða er hluti af boðskap Kiwanishreyfingarinnar.

Tveir Íslendingar hafa setið í heimsstjórn og gegnir annar þeirra störfum í núverandi stjórn. Undirritaður sat í heimsstjórn í 9 ár og þar af forseti í eitt ár. Mig langar að minnast í nokkrum orðum á það starf. Ég sagði fyrr í þessu erindi að lífsvenjur fólks í Norður Ameríku hefðu haft veruleg áhrif á skipulag og störf hreyfingarinnar og gerðu það að nokkru leyti enn.

Ég var fyrsti og eini heimsforseti hreyfingarinnar sem kom frá Evrópu í 49 ár eða frá árinu 1963 er hreyfingin varð heimshreyfing. Sá næsti tekur við í haust. Einn hefur komið frá Ástralíu og einn frá Asíu. Þetta segir nokkra sögu. Engu að síður geta einstaklingar sem koma frá öðrum heimshlutum og sitja í æðstu stjórn samtakanna haft veruleg áhrif ef rétt er að staðið.

Sem dæmi tókst mér að fá fram í heimsstjórn verulegar breytingar á starfi Evrópuskrifstofunnar. Þegar það hafði verið samþykkt var ég beðinn um að taka að mér rekstur skrifstofunnar í Evrópu sem ég og gerði næstu 6 árin.

Ég hafði lengi velt því fyrir mér hvers vegna hreyfingin hafði valið sér kjörorðin „við byggjum“. Mér þótti markaðssetningin slæm, vildi að kjörorð hreyfingarinnar skýrðu sjálf tilgang að okkar starfi án þess að þurfa að skýra það nánar. Ég ræddi þetta á nokkrum stjórnarfundum og taldi að ég væri að ná eyrum manna og lagði því fram róttæka tillögu, að kjörorð hreyfingarinnar yrði „serving the children of the world“ eða eins og þýtt hefur verið á íslensku „þjónum börnum heims“. Tillagan var samþykkt og fór síðan sína leið til samþykktar á heimspingi. Þessi orð skýra fullkomlega hver er megintilangur okkar starfs og þarf ekki frekari skýringa við.

Ég segi frá þessu hér til að sýna fram á að við getum haft áhrif á umhverfið jafnvel heiminn ef vel er að staðið.

Þátttaka í þjónustuverkefnum á alþjóðavettvangi – Kiwanishreyfingin ákvað að hefja samstarf við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna/UNICEF um að berjast gegn joðskorti í heiminum. Þetta var stórkostlegt verkefni og var óslitin sigurför Kiwanishreyfingarinnar. Það sem kom flestum á óvart sem störfuðu á erlendum vettvangi var hversu fljótt tókst að fá þúsundir Kiwanisklúbba til þátttöku í verkefninu. Ég átti þess kost að ferðast til margra landa þar sem joðskortur var alvarlegt vandamál ýmist einn eða í fylgd með fulltrúum UNICEF.

Þetta var gífurleg lífsreynsla sem situr ofarlega í minningu liðinna ára. Ég ákvað í framhaldi af þessum vettvangskönnunum að berjast af fullum krafti fyrir þetta verkefni, ekki síst á erlendum vettvangi enda starfaði ég þar á þessum árum. Við, hér á landi tókum þátt og stóðum að mestu við okkar skuldbindingar.

Nýtt alþjóðaverkefni er nú í fullum gangi „baráttan við stífkrampann“ ég vonast til þess að íslenskir Kiwanisfélagar taki þátt í þessu verkefni af krafti og sjá til þess að hlutur Íslands og Færeyja verði sem mestur.

Hvernig hefur okkur vegnað í okkar starfi – Ég hef sagt það áður í þessu stutta erindi að ekki sé hægt að gera því margvíslega starfi sem Hreyfingin okkar hefur unnið á Íslandi og í Færeyjum sl. 50 ár ítarleg skil. Það verk þarf að vinna, þessi merkilega saga má ekki gleymast, ekki síst ef við trúum því að starfið haldi áfram. Starf sjálboðliða í hinum margvíslegu verkefnum sem upp koma og oft verða útundan hjá hinu opinbera er meira en nauðsynlegt. Hinn hlutinn félagslega hliðin á starfinu er einnig mjög mikilvæg.

Vinskapur hefur myndast millum félaga sem endist ævina alla. Það er mikilvægt. Þessvegna verðum við að halda áfram og leggja grunn að nýjum verkefnum og nýjum sigrum.

Þjóðfélagið okkar hefur breyst og hreyfingin okkar verður að aðlagast breyttum aðstæðum.

Félagslegi þátturinn í starfinu er mjög mikilvægur. Þrátt fyrir þá þróun að fólk hefur flutt úr dreyfbýli í borgarsamfélagið, eru samkvæmt rannsóknum fleiri einangraðir og afskiptir heldur en áður. Ég tala nú ekki um ef við lítum til heimsbyggðarinnar og sjáum þörfina. Við höfum hlutverk, við þurfum fleiri félaga til þeirra verka sem okkur ber skilda til að taka þátt í til að gera okkar samfélag manneskjulegra,..... þjóðfélag þar sem enginn verður útundan.

Nýjum tímum verður að mæta með nýjum vinnubrögðum. Það verður að átta sig á breyttum þjóðfélagsaðstæðum, skoða hvað er að gerast í kringum okkur. Ég trúi því að unga fólk okkar vilji leggja til samfélagsins en það kemur ekki til liðs við okkur nema að við séum tilbúin að taka tillit til breyttra aðstæðna, taka tillit til þeirra skoðana. Gamlar skoðanir og fastheldni í úrelta siði og venjur mega ekki koma í veg fyrir að við getum tengt ungu kynslóðina við hugsjónir Kiwanishreyfingarinnar.

Ágætu félagar, hreyfingin okkar verður að halda áfram..... að þjóna börnum heims.

Garðabæ í september 2013

Eyjólfur Sigurðsson

Fyrirverandi forseti Kiwanis International